

Ed.

47. Fyrirspurn

til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefnda.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar, sem kosin var á Alþingi 1942, og nefndar þeirrar, sem síðar var skipuð henni til aðstoðar? Eru nefndirnar enn þá starfandi og starfhæfar, og hefur ríkið áframhaldandi kostnað af starfi þeirra? Hver er nú formaður stjórnarskrárnefndar, og hvenær mundi mega vænta stjórnarskrárfrumvarpsins frá nefndunum?

Ástæður:

Þegar lýðveldið var stofnað, hinn 17. júní 1944, voru íslenskir kjósendur spurðir tveggja spurninga:

1. Hvort þeir vildu gjalda jáyrði við algerum aðskilnaði Íslands og Danmerkur, og
2. Hvort þeir vildu samþykkja stjórnarskrá konungsríkisins Íslands með þeim smábreytingum, sem á henni höfðu verið gerðar, — sem bráðabirgðastjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Til þess að fá menn til að samþykkja stjórnarskrána var því margyfirlýst og marglofað, að hún skyldi aðeins vera til naumra bráðabirgða. Framtíðarstjórnarskrá lýðveldisins skyldi verða samin og sett eins fljótt og frekast væri unnt, og skildist víst flestum, að það ætti fremur að gerast á næstu mánuðum en næstu árum eða áratugum.

Ég var einn þeirra manna, sem töldu, að það hefði verið sæmra, að stjórnarskrá lýðveldisins hefði verið undirbúin og samin, áður en gengið var til lýðveldisstofnunar, og vildi ég engin eftirkaup eiga við íslenska stjórnsmálaleiðtoga um framtíðarstjórnarskrá lýðveldisins.

Ég var líka efnislega andvígur ýmsu í stjórnarskránni, eins og hún var lögð fyrir kjósendur. Til dæmis þótti mér stefnt í öfuga átt, er hinn fyrsti alíslenski þjóðkjörni þjóðhöfðingi var gerður valdaminni gagnvart Alþingi en erlendir konungar höfðu áður verið. — Mér var ljóst, að í heild var stjórnarskráin úrelt plagg, miðuð við allt aðra stjórnarhætti en hér átti að móta og allt aðra tíma. Sumt í henni hafði meira að segja aldrei átt við íslenska staðhætti, heldur aðeins af vangá slæðzt með í upphafi úr dönsku stjórnarskránni, eins og t. d. 75. greinin, er svo hljóðar:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.“

Þannig mætti lengi benda á óviðunandi missmíði og vankanta gildandi bráðabirgðastjórnarskrár sem grundvallarlaga fyrir hið vopnlausu lýðveldi vort. Mér er því ekki sama um, hversu lengi þjóðinni er ætlað að búa við þá úreltu stjórnarskrá, sem aðeins átti að vera til bráðabirgða, en hefur nú þegar verið í gildi hálf þriðja ár.

Eins og að er vikið í fyrirspurninni, eru tvær nefndir starfandi að undirbúningi stjórnarskrár fyrir lýðveldið Ísland. Önnur nefndin er þingmannanefnd, skipuð átta mönnum. Sú nefnd hefur nú setið fast að fjórum árum. Síðan hefur verið skipuð önnur nefnd hinni til aðstoðar og ráðuneytis. Hún hefur nú setið hátt á annað ár. Alls eru það því 20 manns, sem látið er heita, að sifellt starfi að undirbúningi stjórnarskrármálsins. En eitthvað virðist þó hafa orðið hinni fjölmennu sveit til tafa við hið

mikla starf. Þá mun það og rétt vera, að allveruleg vanhöld hafi þegar orðið í liði nefndarmanna. Hef ég það fyrir satt, að af þeim, sem upphaflega voru í nefndirnar skipaðir, séu fjórir hættir störfum og tveir dánir. Annar þeirra nefndarmanna, sem látizt hafa, er formaður nefndarinnar, Sigurður Eggerz, og er nú fullt ár liðið síðan. Er mér tjáð, að enginn hafi þó verið skipaður í hans stað allan þennan tíma. Hins vegar munu hafa verið tilnefndir menn í stað þeirra annarra, sem hætt hafa störfum í stjórnarskrárnefnd.

Þá er mér og tjáð, að engir fundir hafi verið haldnir og ekkert starfað í nefndunum síðan fyrir júl 1945. Ekki mun heldur hafa fengizt nein skýrsla um för eins nefndarmanna víða um lönd í leit að stjórnarskrám annarra ríkja. Því síður hefur mér tekizt að fá vitneskju um kostnað þeirrar farar eða yfirleitt um kostnað af öllu þessu langdregna og umfangsmikla nefndarstarfi. — Er allt þetta mál þannig vaxið og svo mikilsvert, að þjóðin á heimtingu á að fá sem allra gleggst um það að vita.

Þegar sú ríkisstjórn, sem nú nýskeð hefur beðizt lausnar, en fer þó enn þá með völd og ábyrgð, settist á laggir, var það auglýst sem eitt af aðalsamningsatriðum stjórnarflokkanna, að stjórnarskráin skyldi verða endurskoðuð svo fljótt, að nýtt stjórnarskrárfrumvarp yrði samþykkt fyrir þær kosningar, sem fram fóru síðastliðið vor. Þetta var endurtekning þeirra hátiðlegu loforða, sem gefin voru um sama efni við lýðveldisstofnunina 1944, en samt sem áður bólar ekkert á efnunum enn í dag.

Þar sem engrar hreyfingar verður vart, er til þess bendi, að frumvarp að nýrri stjórnarskrá sé væntanlegt, vil ég fá svör við framangreindum spurningum og þá sérstaklega því, hvort stjórnarskrárnefnd sé enn þá starfandi, eða hvort hún hafi lagt upp laupana og lognast út af frá því veglega hlutverki, er henni var falið: að semja framtíðarstjórnarskipunarlög fyrir lýðveldið Ísland.

Sé það hins vegar svo, að nefndin sé hætt störfum, verður ekki hjá því komizt að gera aðrar ráðstafanir til þess að ljúka hinni marglofuðu endurskoðun stjórnarskrárinnar.